

sem einkendi fólkis, sem bjó á ætternisstapa er ennþá til ef vel er að gáð; og "kynleg Glámsaugu" eru enn á ferð; fleiri en Grettir hafa barist við "ill-fylgjur tímans." Illugudrápa er eitt af beztu sögukvæðunum, enda er efnið gott til meðferðar. Efnið er drengskapurinn. "Dauðinn varð leiðin að ljósnu sanninum" fyrir hinna drenglundaða Illuga, en lífið hefði orðið "blettur á hetjunni manninum" hefði hann rofið heit sína. Þetta er snildarlega að orði komist. Í kvæðinu "Mjöll dóttir Snæs Konungs" er þetta erindi :

"Og þessa vissu vakið upp hún fær :
þó verði skörð í auð og jarðveg frjóvan,
ið bezta sem á grundu hverri grær
er göfug þjóð með andans fjársjóð nógán,"

Þessi hugsun skín í gegn um flest það sem skáldið yrkir um mennina. Kvæðið "Eloi lama sabakhthani" lýsir betur en margar bækur lífi og kenningum Jesú. Þar kemur fram trúin á hið góða í manneðlinu og þroska þess :

"En altaf getur góða menn
og guðspjöll eru skrifuð enn—
Hvert líf er jafnt að eðli og ætt
sem eitt hvað hefir veröld bætt."

Hræsnin og yfirdrepskapurinn eru sýnd með talsverðri fyndni í kvæðinu "Nikódemus." Og það má lesa á milli línnanna, að skáldið hefir kynst Nikódemusum á sinni lífsleiði.

Fáir munu yrkja betur um einkennilegar persónur en skáldið í kvæðunum "Jón hrak," "Sigurður Trölli," og "Patrekur frændi." Það er eins og því sé undir niðri vel til allra sem ekki binda bagga sína sömu hnútum og aðrir, hversu lítið sem þeir hafa til síns ágætis yfirleitt. Og skáldið skilur mennina, þó þeir beri ekki utan á sér hvað þeir eru; það sýnir hið ágæta kvæði "Landnámskonan."

Ádeilu kvæðin um þjóða ranglætið og yfircanginn eru gagnorð og það er grafið eftir orsökunum. Hagsvonin rekur Englendinginn til að drepa Búann, sem áður drap svertingjann. Alt þetta er ranglæti og ílt. Það er aðeins eitt sem mælir því bót, það er að menn berjast þó stundum fyrir frelsi sínu aðeins.